



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 23.7.2025

Málsnúmer: 202506-0023

IAS

Efni: Gilsárvirkjun í Múlaþingi. Umhverfismatsskýrsla.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 13. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um Gilsárvirkjun í Múlaþingi.

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðaþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er allt að 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar allt að 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, uppbyggingu vegar og lagningu á 6.100 m langri aðrennslispípu og safnlögnum. Áætluð efnispörf er 65.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Í umhverfismatsskýrslu er einnig skoðaður valkostur B, sem ekki var í matsáætlun, en í valkosti B er ekki gert ráð fyrir inntaki í Ytri-Lambadalsá en þá verður tryggt meira rennsli í farvegi Gilsár öllum stundum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum umhverfisáhrifum hennar. Stofnunin tekur undir þá niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar að framkvæmdin hefur neikvæð áhrif á alla náttúrufarsþætti, nokkuð neikvæð á vatnalíf og vatnafar en óveruleg neikvæð áhrif á gróður, dýralíf, jarðminjar og ásýnd. Þá verður skerðing á víðernum. Valkostur B hefur minni neikvæð áhrif á vatnalíf og vatnafar en svipuð áhrif á aðra náttúrufarsþætti.

Náttúrufræðistofnun bendir á að nokkrar af þeim fuglategundum sem sáust á athugunarsvæðinu hafa farið á valista eftir að umhverfismatsskýrslan var gerð, þetta eru heiðlóa, snjótittlingur og spói sem eru metnar í nokkurri hættu og jarðrakan og straumönd sem eru metnar í yfirvofandi hættu. (<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>)

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur